

Fundargerð
18. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 8. apríl 2019, kl. 11:30

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs boðaði forföll

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi

Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði boðaði forföll

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs., Páll Guðjónsson frá SSH og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Nýtt greiðslukerfi Strætó

Formaður stjórnar Strætó bs., Björg Fenger, fór yfir fyrirhugaða innleiðingu á nýju greiðslukerfi Strætó bs. en núverandi greiðslukerfi er orðið gamaldags og styðst við pappírsmiða, pappírskort og plastkort sem mjög auðvelt er að falska. Þá er núverandi kerfi afar brothætt og ekki til þess fallið að styðja við framsýnan hugsunarhátt í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar. Í nýju greiðslukerfi skannar farþegi sig inn með korti eða appi og verður öll meðhöndlun greiðslna öruggari og skilar sér

beint inn á reikning Strætó bs. og farþegar fá þau kjör sem þeim sannarlega ber. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir innleiðingu á þessari nútímalegri lausn sem nánar er lýst í meðfylgjandi minnisblaði um nýtt greiðslukerfi hjá Strætó bs.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

- 1) Minnisblað um nýtt greiðslukerfi strætó – höfundur Daði Áslaugarson Strætó bs.
- 2) Áhættumat á fjárfestingakosti Strætó bs. vegna nýs greiðslukerfis – höfundur Mannvit.
- 3) Innkaupaaðferðir í boði fyrir Strætó bs. sem fylgir reglugerð um veitutilskipun nr. 340/2017 – höfundur Mannvit.

Í umræðum um málið kom m.a. fram að mikilvægt væri að skoða hvort ný snjalllausn gæti átt samleið með þróun annarra snjalllausna sem verið væri að vinna að á vettvangi sveitarfélaganna. Einnig að horft væri til reynslu og þekkingar af svipuðum kerfum annars staðar sem og mikilvægi þess að horfa fram í tímann varðandi kostnað við uppfærslur o.fl.

Niðurstaða:

Í fjárhagsáætlun Strætó bs. hefur verið gert ráð fyrir fjárfestingu og innleiðingu á hinu nýja greiðslukerfi, alls 300 millj. kr, 200 millj. kr á árinu 2019 og 100 millj. kr á árinu 2020. Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga sem er yfir 5% af bókfærðu eigin fé Strætó bs. lögð fyrir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað. Þá skal stjórn Strætó bs. leggja fyrir áhættumat.

Handhafar eigendavalds Strætó bs. samþykkja fjárfestingu og innleiðingu á nýju greiðslukerfi Strætó bs. með vísan til þeirra gagna sem lágu fyrir fundinum þ.m.t. áhættumat á fjárfestingakosti Strætó bs. vegna nýs greiðslukerfis.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:00

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.